# Hugverkaiðnaður

maí 2025

| Fjöldi starfandi *(2024)* | Útflutningstekjur *(2024)* | Þröngt skattspor *(2023)* |
|---|---|---|
| **18.350** | **309** *ma.kr.* | **71** *ma.kr.* |

## HUGVERKAIÐNAÐUR ER FJÓRÐA STOÐ ÚTFLUTNINGS

- Hugverkaiðnaður er fjórða stoð útflutnings á Íslandi.
- Útflutningstekjur greinarinnar námu 309 milljörðum króna árið 2024 sem er tvöföldun á síðustu fimm árum.
- Vöxtur hugverkaiðnaðar þýðir aukna verðmætasköpun, aukinn efnahagslegan stöðugleika og fleiri háframleiðnistörf.
- Fjárfesting fyrirtækja í rannsóknum og þróun (R&Þ) er undirstaða hugverkaiðnaðar og mannauður helsta auðlind greinarinnar.

**Lyfjaframleiðsla**
**Líf- og heilbrigðistækni**
**Fjarskipti og gagnaver**
**Upplýsingatækni**
**Tölvuleikjagerð**
**Hátækni**
**Menntatækni**

## ÚTFLUTNINGSTEKJUR

*Milljarðar kr.*







**Hugverkaiðnaður** **Orkusækinn iðnaður** **Ferðaþjónusta** **Sjávarútvegur**

## ÚTFLUTNINGSTEKJUR

*Milljarðar kr.*



## FJÖLDI STARFANDI

*Í þúsundum*




- Heildarfjöldi starfandi í hugverkaiðnaði voru í fyrra að jafnaði 18.350. Er það 8% af heildarfjölda starfandi á íslenskum vinnumarkaði á því ári.
- Framleiðni er hærri í hugverkaiðnaði en almennt gengur og gerist í hagkerfinu.
- Í hugverkaiðnaði eru laun hærri en að jafnaði í öðrum greinum hagkerfisins. Endurspeglar það mikla framleiðni í greininni.
- Lífskjör þjóða ráðast af framleiðni. Framleiðni er mælieining á verðmætasköpun á hverja vinnustund og því mikilvæg mælistika á stöðu og þróun hagkerfisins og framtíðarhorfur.

## FJÁRMAGN TIL RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARSTARFS

*Milljarðar kr.*




- Skattahvatar vegna rannsókna og þróunar eru öflugasta tólið í verkfærakistu ríkisins til að stuðla að nýsköpun.
- Skattahvatar til nýsköpunar hafa leitt til þess að fyrirtæki í hugverkaiðnaði hafa sett aukið fjármagn í rannsóknir og þróun, háframleiðnistörfum hefur fjölgað og útflutningur aukist.
- Uppskeran af fjárfestingu síðustu 15 ára í rannsóknum og þróun er að koma ríkulega fram í hagkerfinu um þessar mundir.
- R&Þ framlag hefur aukist mikið hér á landi á síðustu árum og er nú sem hlutfall af landsframleiðslu yfir meðaltali ESB ríkja en hins vegar minna en í Bandaríkjunum.

## FRAMLAG TIL R&Þ

*Hlutfall af landsframleiðslu, %*







**2018** Þak á skattfrádrátt R&Þ kostnaðar tvöfaldað

**2020** R&Þ hvatar auknir enn frekar